



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2006 - 2018
VESTFJARÐAVEGUR



Staðfest aðalskipulag frá 15.12.2006, mkv. 1:100.000.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, mkv. 1:100.000.

GREINARGERÐ

Gerð er breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir því að breyta veglinu Vestfjarðarvegur milli Eilöis í Vatnafirði og Þverár í Kjalafirði. Samhliða fer fram breyting á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006-2018. Innan Vesturbyggðar er um að ræða 2,4 km langan vegkafla rétt norðan við Þverá í Kjalafirði að sveitarfélagamörkum sem liggja í miðjum Kjalafirði. Breytingin felst fyrst og fremst í því að legu vega á sveitarfélagsupprætti er breytt einnig er gerð breyting á kafla 2.5.1. Vegir.

Markmið

Markmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmerri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi, en þar segir:

„Leitað verði hagkvæmstu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar“.

Breyting á kafla 2.5.1. Vegir

Samkvæmt skipulaginu, er svæðið, frá Þverá að Skipta í Kjalafirði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Vegurinn liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá „Kjalafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes“.

Breytingin felst í því, að breyta þarf sveitarfélagsupprætti, sem sýnir stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu. Ný veglina verði færð inn og sýndur sem stofnvegur en núverandi vegur færður um vegflokki og sýndur sem aðrir vegir til skýringar.

Gerð er breyting á texta þar sem gerð er breyting á lýsingu á Vestfjarðarvegi.

Staðfest aðalskipulag

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
60	Vestfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum í Kjalafirði, fyrir Vatnafirðarbrúnn um Heiluskar að sýslumörkum upp á Dyngdashönd.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
60	Vestfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum í Kjalafirði þar sem vegurinn þverar Kjalafjörð og sem leið liggur um Heiluskar að sýslumörkum upp á Dyngdashönd.

Umhverfisskýrsla samantekt

Í umhverfismati með breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg, frá sveitarfélagamörkum Reykholahrepps í Kjalafirði að Þverá, voru lagðir fram tveir aðrir valkostir um legu vegarins. Inni þverun við Stórhölna, ytri þverun gengt Þverá og núllkostur sem er sú stefna sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum vegi. Horft var til eftirfarandi þátta vegna mats á umhverfisáhrifum breytingarinnar: Landslag og sjónræn áhrif, áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, gróður og fuglalíf, fornleifar, landnotkun og samfélag og vatnafar. Niðurstöða matsins er sú að aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og á gróðurfar. Með mótvægisáðgerðum og hönnun á vegi þá má draga verulega úr sjónrænum áhrifum og áhrifum á gróður. Áhrif af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Þar sem ekki er um veruleg umhverfisáhrif að ræða er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta umfram venjubúndi eftirliti á framkvæmda- og rekstrartíma. Skipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu.

Afgreiðsla skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006

Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins eru áhrif breytingarinnar óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og á gróðurfar en með mótvægisáðgerðum og hönnun á vegi þá má draga verulega úr neikvæðum áhrifum. Skipulagsbreytingin var talin hafa jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu.

Við yfirferð fyrir auglýsingu gerði Skipulagsstofnun nokkrar athugasemdir við framloðgð gögn og voru þær birtar með auglýsingu og var brugðist við þeim fyrir auglýsingu. Umsagnir bárust án athugasemda frá Vegagerð ríkisins, Reykholahreppi, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Breiðfjarðarnefnd. Í umsögn frá Fornleifaverndar ríkisins var bent á að varða í namu í muni raskast vegna efnistöku. Sækja þurfi um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska vörðunni og setja þeim skilyrðum sem stöðnunin kann að setja fyrir slíku leyfi. Í umsögn frá Umhverfisstofnun er bent á að þverun fjarðarinnar er betri kostur en uppbygging vegar umhverfis Kjalafjörð varðandi fjörur, teitur og birkisögn. Umhverfisstofnun taldi mikilvægt að tekið sé tillit til varptíma fugla við framkvæmdir. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir dags. 14. júlí og 17. október 2011. Tekið var tillit til þeirra athugasemda og gögn lögðu.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Áhrif af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan rygróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hættu er á jarðvegssrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun.

Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggt svæði ofan 200 m y.s.
- Melanes
- Lögbyli
- Eyðibýli
- Efnistökusvæði

Verndarsvæði

- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI
- Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum
- Kjalafjörður 340 Svæði á náttúruminjaskrá

- ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
- Fornleifar (til skýringar)

Veitur

- RAFVEITA
- Raflína - 66 kV - 132 kV

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir til skýringar
- Slóðar - til skýringar
- Gönguleiðir til skýringar
- Mörk skipulagssvæðis

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 7/12/2011.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 27/1/2012.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



VESTURBYGGÐ



LANDMÓTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • Sími: 575 5300 • Fax: 564 5300 • Netfang: landmotun@landmotun.is

AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR
2006 2018

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI	SKIPULAG:YPL, ÖÖG TEIKNAD:MÓ SAMÞYKKT KT.
KVARDI: 1:100.000 VERKNR.	KÓPAVOGUR dags.01.11.2011 TEIKN. NR. BR.2
4607-SA24B	00

Meðfylgjandi er umhverfisskýrsla dags. 1. nóv. 2011.